

Grundarfjarðarbær
Borgarbraut 16
350 Grundarfirði

Garðabær, 31. október 2025
202510-0066/A.B.
08.02

Efni: Umsögn - Lýsing - Deiliskipulag Grundarfjarðarhafnar - Grundarfjarðarbær.

Vísað er í erindi skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar vegna skipulagslýsingar fyrir deiliskipulag Grundarfjarðarhafnar, sem barst Náttúruverndarstofnun 15. október sl.

Í skipulagslýsingunni kemur fram að deiliskipulagið taki til um 23,7 ha svæðis sem nær yfir Norðurgarð, Miðgarð og Suðurgarð hafnarinnar, þar sem gert er ráð fyrir stækkun hafnarsvæðis með landfyllingu og nýrri vegtengingu við Þjóðveg 54. Einnig er stefnt að nýjum 100 m viðlegukanti, nýjum lóðum fyrir hafnsækna starfsemi og betra aðgengi ferðamanna.

Breiðafjörður

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið nái að Breiðafirði sem nýtur verndar samkvæmt lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en Náttúruverndarstofnun bendir á að tilgangur þeirra er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndanna, lífríkis og menningarminja. Í greinargerð segir að fjörunni hafi þegar verið raskað vegna hafnsækinna framkvæmda.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Breiðafjörður njóti sérstakrar verndar sem líffræðilega fjölbreytt vistkerfi með fjörum, grunnsævi og eyjum sem mynda eina heild frá Snæfellsnesi til Vestfjarða. Fyrirhuguð landfylling og hafnargerð getur haft áhrif á vatnaflæði, setflutninga, lífríki og ásynd strandsvæðisins.

Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf við frekari útfærslu skipulagstillögunnar að:

- vinna skipulagið í samráði við Breiðafjarðarnefnd,
- meta áhrif framkvæmdarinnar á verndarmarkmið laga nr. 54/1995 og á lífríki strandsvæðisins,
- fylgja leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um mat á framkvæmdum við sjó.
- Að áætluninni stuðli að vernd og endurheimt náttúrverðmæta verndarsvæðisins

Að mati Náttúruverndarstofnunar verður þó að leggja áherslu á að vernd Breiðafjarðar samkvæmt lögum nr. 54/1995 nær einnig til vistkerfa, lífríkis og landslagsheilda sem geta orðið fyrir óbeinum áhrifum framkvæmda utan hins afmarkaða svæðis. Því er mikilvægt að áhrif á strandsvæði, grunnsævi og fuglalíf séu metin út fyrir skipulagssvæðið sjálft, þar sem hafnsækin starfsemi, umferð skipa, aukið álag og hljóðmengun geta haft áhrif víðar.

Þótt hlutar svæðisins hafi þegar raskast breytir það ekki þeirri skyldu að leitast við að vernda og endurheimta eins og kostur er verndargildi svæðisins, t.d. með mótvægisáðgerðum, frágangi strandlínu og blágrænum lausnum sem stuðla að sjálfbærri nýtingu og vistkerfavernd. Slíkar aðgerðir

samræmast bæði markmiðum laga nr. 54/1995 og náttúruverndarlaga nr. 60/2013 um að draga úr neikvæðum áhrifum framkvæmda og tryggja vernd náttúruverðmæta.

Landfylling og mengun hafna

Að mati Náttúruverndarstofnunar er nauðsynlegt að fjalla um í greinargerð tillögunnar og jafnvel rannsaka ef þörf er á efnainnihald botnsets áður en framkvæmdir hefjast, þar sem hafnarsvæði sem hafa lengi verið í notkun geta innihaldið þungmálma, olíuleifar og aðra mengandi efnisleifar í neðri setlögum. Ef slíku seti verður raskað við fyllingu eða dýpkun getur það losað mengun út í sjó og haft áhrif á lífríki fjörunnar.

Mengandi efni

- Rannsaka þarf hvort mengandi efni (svo sem þungmálmar, olíuleifar eða önnur efni) séu til staðar í botnseti á því svæði þar sem fyrirhuguð landfylling og hafnargerð eiga að fara fram.
- Niðurstöður skulu liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast og vera hluti af umhverfismati framkvæmdarinnar.
- Greina þarf hvernig verði staðið að meðhöndlun og förgun mengaðs sets eða efnis ef það reynist til staðar.¹

Varðandi landfyllinguna sem slíka leggur stofnunin til að:

- Tilgreina þarf stærð og rúmmál (efnisþörf) landfyllingarinnar í skipulagstillögu.
- Greina þarf magn, gerð og uppruna fyllingarefnis, þar á meðal hvort efni verði tekið úr landi eða sjó.
- Lýsa þarf hvernig flutningi og frágangi verður háttað og hvaða ráðstafanir verða gerðar til að draga úr áhrifum á hafsbotn og lífríki.

Vernd hafsvæða

Náttúruverndarstofnun bendir á að vernd líffræðilegrar fjölbreytni í hafi er eitt mikilvægasta viðfangsefni næstu ára og lykilþáttur í því að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt Samningnum um líffræðilega fjölbreytni (CBD). Hafið er undirstaða lífs og velferðar samfélagsins, og ákvarðanir sem varða nýtingu þess þurfa að byggja á vistkerfisnálgun þar sem vernd og nýting haldast í hendur.

Í nýrri stefnu stjórnvalda um líffræðilega fjölbreytni er lögð áhersla á að tryggja samþættingu líffræðilegrar fjölbreytni í alla stefnumótun og ákvarðanatöku sem snertir nýtingu og vernd haf- og strandsvæða. Það felur í sér að meta áhrif framkvæmda og áætlana á vistkerfi hafsins og tryggja að þau stuðli að heildstæðri vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Þegar kemur að framkvæmdum í hafinu þarf að stíga varlega til jarðar, tryggja að ákvarðanir taki mið af alþjóðlegum samningum um líffræðilega fjölbreytni og forðast röskun á vistkerfum sem gæti haft óafturkræf áhrif á lífríki hafsins.

Landfylling

Náttúruverndarstofnun bendir á að skoða þarf í áframhaldandi vinnu að landfyllingar þar sem áætluð uppfylling er 5 ha eða stærri fellur undir B-flokk laga nr. 111/2021. Framkvæmdir sem eru að umfangi undir viðmiðunarmörkum flokks B (undir 5 ha) skulu ávallt tilkynntar séu þær staðsettar á verndarsvæðum. sbr. iii. lið 2. tölul. 2. viðauka

¹ <https://ust.is/haf-og-vatn/varp-i-hafid-og-lagnir-i-sjo/varp-i-hafid/>

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Skúli Þórðarson

verkefnastjóri